



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstadir.is

Upplýsingar vegna aflífunar kattar

Vegna umfjöllunar í fjölmiðlum og umræðna sem orðið hafa á samfélagsmiðlum undanfarna daga er eftirfarandi hér með komið á framfæri.

Dýraeftirlitsmaður Fljótsdalshéraðs brást við beiðni húsráðanda á Egilsstöðum, aðfararnótt mánudags 13. nóvember s.l., um að fjarlægja af heimili viðkomandi villikött er angrað hafði heimilisfólk með nærveru sinni í nokkra daga. Að kvöldi mánudags var dýrið aflífað og var það mat starfsmanns sveitarfélagsins að þar sem ekkert hafði verið spurst fyrir um dýrið og það búið að vera dögum saman á því heimili er það var fjarlægt frá þá væri sú niðurstaða rökrétt. Það er ljóst að þessi ákvörðun starfsmanns brýtur í bága við reglur sveitarfélagsins varðandi fongun og vörslu katta en samkvæmt þeim skal, í tilviki sem þessu, ekki gripið til slíks úrræðis fyrir en liðnir eru tveir sólarhringar frá handsömun. Sveitarfélaginu þykir miður að ekki skuli hafa verið breytt samkvæmt settum reglum og verður farið sérstaklega yfir verkferla varðandi mál af þessu tagi og tryggt að slíkt endurtaki sig ekki.

Í ljósi þessa máls vill sveitarfélagið ítreka mikilvægi þess að gæludýraeigendur skrái dýr sín hjá sveitarfélaginu og láti örmerkja þau, en samkvæmt samþykktum þar um skal skrá ketti í þéttbýli innan tveggja vikna frá því að köttur er tekinn inn á heimili. Sé skráður og merktur köttur handsamaður af dýraeftirlitsmanni er undantekningalaust haft samband beint við eiganda.

Þetta afsakar þó ekki að ekki skuli hafa verið farið að settum reglum af hálfu sveitarfélagsins og harnar það að málið skyldi fara á þennan veg og eru hlutaðeigandi hér með beðnir afsökunar á því.

Egilsstöðum 20. nóvember 2017

F.h. Fljótsdalshéraðs


Björn Ingimarsson
bæjarstjóri

- Lyngási 12
- Pósthólf 183
- 700 Egilsstaðir
- Sími 4 700 700
- Fax 4 700 701
- egilsstadir@egilsstadir.is